

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 8. ágúst 2022  
Málsnúmer: 202207-0025  
SS

### Efni: Umsögn um matsskyldu vetnisstöðvar á Hellsheiði

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun, dags. 13. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort stofnunin teldi framkvæmd Orku Náttúrunnar á framleiðslu vetnis með rafgreiningu á Hellsheiði vera háð mati á umhverfisáhrifum í samræmi við 20. grein laga nr. 111/2021.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn um framkvæmdina og í ljósi fagsviðs stofnunarinnar er ekki talið að framkvæmdin eigi að vera háð umhverfisáhrifum.

Vetnisstöðin hefur þegar verið í rekstri í tilraunaskyni og framkvæmd við uppsetningu hennar því lokið. Stöðin er starfrækt inni á iðnaðarsvæði Hellsheiðarvirkjunar og engu gróðurlendi eða jarðminjum hefur sérstaklega verið raskað við uppsetninguna. Lítil sem engin úrgangsmýndun er við framleiðsluna og ekki heldur losun mengunarefna. Þeir umhverfisþættir sem vega þyngst tengjast ekkert eða lítið fagssviði Náttúrufræðistofnunar og stofnunin gerir því ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs.

